

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. febrúar 2007

Efni: Frumvarp til laga um starfstengda eftirlaunasjóði. 568. mál, EES- reglur.

Landssamtök lífeyrissjóða styðja umrætt frumvarp um starfstengda eftirlaunasjóði. Vakin er athygli á því að íslensku lífeyrissjóðirnir falla undir reglugerð EB 1408/71, en ekki undir umrædda tilskipun frá 3. júní 2003 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri, sbr. 3. grein tilskipunarinnar, nema að því marki sem að starfstengdar lífeyrisgreiðslur eru ekki skyldubundnar.

Þá er rétt að benda þingnefndinni á það að ákvæði 5. gr. frumvarpsins um fjárfestingarreglur starfstengdra eftirlaunasjóða eru mun rýmri en fjárfestingarreglur þær sem koma fram í 36. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Í athugasemdum með 5. gr. frumvarpsins er þess getið að lögaðilar sem taka á móti og ávaxta einstaklingsbundinn viðbótarlífeyrissparnað, skv. II. kafla laga nr. 129/1997, séu ekki bundnir af þeim fjárfestingarreglum sem koma fram í 36. gr. sömu laga.

Þetta er ekki rétt hvað varðar séreignardeildir lífeyrissjóða, því fjárfestingarreglur 36. gr. ná einnig til þeirra. Að þessu leyti er samkeppnisstaða lífeyrissjóðanna ekki sú sama og mun lakari en hjá bönkum, sparissjóðum, verðbréfafyrirtækjum og líftryggingafélögum, sem geta boðið rétt höfum lífeyrissparnaðar upp á mun rýmri fjárfestingarkosti en séreignardeildum lífeyrissjóða er heimilt að bjóða, samkvæmt lögum nr. 129/1997.

Á þetta ranglæti hafa Landssamtök lífeyrissjóða margsinnis bent stjórnvöldum á með ósk um að lagabreytingar verði gerðar á umræddum lögum til að hægt sé að jafna samkeppnisstöðu vörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðarins.

Með bestum kveðjum
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

